

Ágrip.

Mjög margar bækur hafa verið skrifaðar um Harry Potter bækurnar og vinsældir þeirra. Það eru einhverjir sem vilja meina að vinsældir Harry Potter bókanna - og barnabóka yfir höfuð - á síðustu 20 árum séu til vandræða. Að minnsta kosti ef fullorðnir eru farnir að lesa þær. Aðrir fagna því mjög að barnabækur séu að verða vinsælli og þá sérstaklega meðal fullorðinna. Margir halda að Harry Potter sögunar séu aðeins einfaldar sögur fyrir börn um stráka sem fer með nokkra undarlegar galdrapulur og veifar galdrasprota út um allt og ekkert dýpra en það.

Ritgerð þessi fjallar um þemu í Harry Potter bókunum sem að gætu verið við hæfi fullorðna, jafnt sem barna og hvort að vinsældir Harry Potter bókaflokksins hafi eitthvað að gera með fullorðna lesanda hans. Ætlunin er sú að sýna fram á að barnabækur eins og Harry Potter bókaflokkurinn geti vel flokkast undir "alvöru bókmenntir" jafnvel þótt að bókaflokkurinn sé skrifaður fyrir börn.